

Fundur fræðslunefndar

2. maí 2024

Mæting: Sigrún Erla, Margrét Sif og Dagbjört Dúna.

Fundur hófst kl. 17:00

**Leikskólinn:** Mæting: Hermína leikskólastjóri og Linda aðstoðarleikskólastjóri.

- Skóladagatalið var skoðað. Rætt var að bæta við einum starfsdegi í viðbót vegna þess að verkalýðsfélögin eru búin að óska eftir því að nota starfsdaginn 18. Sept undir fræðsludag inn í Stykkishólmi fyrir sitt fólk. Þannig þá fær leikskólinn einungis að fá 4 starfsdaga yfir árið í staðinn fyrir 5 undir sína vinnu.
- Á leikskólanum í Snæfellsbæ eru 83 börn í heildina. (Ólafsvík og Hellissandur).
- Enginn biðlisti er á leikskólanum og góður starfsmannahópur.
- Þær kynntu fyrir okkur málstefnuvinnu sem þær hafa verið að vinna að.
- Svörtu motturnar verða teknar í næstu viku og gervigras með fallvörn undir verður sett í staðinn, virkilega ánægjulegt að heyra.
- Viðbygging er í fullum gangi og vonandi verður hún tilbúin í ágúst- september og búið er að skipuleggja innra skipulagið.
- Einnig er búið að senda út óskir um það viðhald sem þarf að eiga sér stað á lóðunum í sumar.
- Óska þær eftir því að leikskólarnir verði báðir málaðir að utan aftur því það var ekki nógu vel gert síðasta sumar og það þarf að gera þetta aftur svo þetta sé almennilega gert.
- Í lok maí veður opið hús og útskrift.
- Sumarlokun 10. Júlí
- Starfsfólk hefur verið duglegt að sækja sér endurmenntun í hin og þessi námskeið, einnig allir sem ein heild.
- Sumardagskráin er að taka gildi 13. Maí og þá verður meiri útivera.
- Bréf sem barst til nefndarinnar og leikskólastjóra var tekið fyrir.
  - o Leikskólastjóri svaraði bréfinu og þeir geta því miður ekki komið að þessu.

- Aftur á móti ræddum við að foreldrar ættu að kanna áhugann á þessu og þá yrði þetta framkvæmt á vegum foreldra eins og allt íþróttastarf sem er á leikskólatíma.
- Gott er að íþrótt- og æskulýðsfulltrúi og íþrótt- og æskulýðsnefnd skoði þetta nánar.

**Grunnskólinn:** mæting Hilmar skólastjóri og Kristín Helga áheyrendafulltrúi kennara.

- Hilmar fór yfir fréttir úr skólastarfinu.
  - Upplestrarkeppni 7. Bekkjar var haldin í vikunni og síðan er stóra keppnin í Grundarfirði í næstu viku.
  - Árshátíð Lýsudeildar – heppnaðist virkilega vel
  - Vinna við málstefnu ásamt leikskólanum
  - Verkefni orð af orði
  - Næsta skólaár, búið er að ganga frá ráðningum kennara.
  - Nemendafjöldinn er Ólafsvík 129, Hellissandur 63 Lýsuhóll 21 og 4 á Lýsukoti.
- Framkvæmdir: Óskað hefur verið eftir framkvæmdum á skólahúsnæðinu, meðal annars að mála skólann í Ólafsvík að utan.

**Tónlistarskólinn:** mæting Valentina skólastjóri

- Nemendur í tónlistarskólanum eru alls 78
- Vortónleikar á næstunni
- 7. Febrúar voru haldnir styrktartónleikar fyrir nemendur 10. Bekkjar í Grindarvík sem voru að fara í útskriftarferð, og Lýsuhóll hélt sér tónleika því þau komust ekki vegna veðurs. Þetta gekk virkilega vel.
- 23. Apríl vortónleikar fyrir fullorðna í kirkjunni í Borgarnesi.
- 24. Apríl vorpróf á Lýsuhól
- 25. Apríl lúðrasveit Snæfellsbæjar 80 ára
- 29. Apríl vorpróf á Hellissandi
- 30. Apríl vorpróf í Ólafsvík
- 2 nemendur stefna á grunnstigspróf í haust

- 1. Maí fólk frá tónlistarskólanum með tónlistaratriði.
- Allt gengur vel.
- Haustið lítur vel út og ekki mikið um biðlista.
- Húsnæðið, það þarf að klára klæða hliðina sem snýr til suðurs því það lekur inn.

Fundi slitið kl. 19:00